

36. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 23. maí 2006.

Haldinn kl. 20:30 – 23 heima hjá Helgu Tulinius.

Mætt: Bjarni Reyrr, Guðlaugur, Helga, María, Ragna, Hildur, Gestur og Sigurlaug.

Gestur fundarins var Sigríður Baldursdóttir.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

Frásögn Sigríðar

Sigríður Baldursdóttir er mastersnemi við háskóla í Stokkhólmi og ætlar í því sambandi að skrifa 10 síðna ritgerð um stelpurnar í CLF. Hún sagði okkur frá veru sinni þar og sýndi okkur fallegar myndir og slætsmyndir í tölvunni. Hún var nýkomin frá CLF í Uganda þar sem hún dvaldi hjá stelpunum í 5 vikur. Hún bjó sjálf á gistiheimili á móti heimili stelpnanna. Hún dvaldi allan daginn alla daga með stelpunum og tók 30 viðtöl bæði við þær sem voru núna á CLF og höfðu verið þar áður, auk þess sem hún ræddi við eitthvað af starfsfólkinu.

Starfsfólkið samanstendur af Rosette sem er forstöðukona CLF og Lilian sem er fyrrum félagsráðgjafi staðarins en vinnur núna sem stjórnandi. Auk þeirra er félagsráðgjafi að störfum, saumakennari, tölvukennari, bílstjóri og vörður sem passar upp á staðinn á nóttunum. Rosette og félagsráðgjafinn eru ófrískar. Á föstudögum heldur félagsráðgjafinn alltaf fasta fundi með stelpunum þar sem rædd eru ýmis konar vandamál sem stelpurnar eru að fást við. Hún heimsækir þær líka til þess að kanna hvernig þær búa. Flestar búa við frekar fátæklegar aðstæður. Þær sem eru við kertagerð búa flestar í um 15 mínútna fjarlægð frá CLF en þær sem eru í skólanum í um 40 mínútna fjarlægð með bíl. Í lok hvers mánaðar eru gerðar skýrslur um það sem helst bar á góma síðastliðinn mánuð.

Um 40 stúlkur njóta þjónustu CLF. Það eru alltaf um 6-7 stelpur í kertagerðinni og selja þær afurðirnar aðallega í Kampala, þótt eitthvað sé selt í CLF líka. Þær virtust njóta sín vel við vinnu sína og í lok hvers dags er hefð að stíga dans. Þær setja líka smápening í pott á hverjum degi til þess að deila síðan út til einnar aðra hvora viku og getur hún þá keypt sér diskasett eða eitthvað þess háttar. Þegar þær hafa unnið í 6 mánuði við kertagerð er mælt til þess að þær fari í skóla.

Það eru líka 10 stelpur sem að læra saumaskap hverju sinni. Þeim er boðið upp á 3 mánaða námskeið frá kl. 8 – 17 á daginn. Auk kennslu í saumi fá þær tvo tölvutíma tvisvar sinnum í viku þar sem þeim er kennt á word, excel o.fl. Nettenging er ekki á staðnum. Að námi loknu er þeim veitt diploma. Eins og er eru bara til 3 saumavélar á staðnum, en stjórn CLF er búin að senda pening fyrir fleirum. Þar sem þær eiga stundum við rafmagnsleysi að stríða er mikilvægt að sumar saumavélar séu ekki háðar því.

Um 10-15 stelpur eru í námi og greiðir CLF fyrir skólagjöld, fæði og upphaldi. Þær eru í skólanum frá 3 mánuðum upp í nokkur ár allt eftir áhuga þeirra sjálfra. Nokkuð langt getur verið fyrir þær að komast í skólann eða um 40 mínútur. Ein stúlka sem er að læra að verða ritari kemur til með að vinna í CLF eftir að náminu lýkur.

Sigríður varð ekki var við hjúkrunarfræðing sem kom áður reglulega á staðinn og fylgdist með stúlkunum. Allar nýjar stelpur á CLF eru sendar í heilbrigðiseftirlit til þess að fá heildarúttekt á heilsu sinni og aðstoð við hæfi. Einhverjar greinast HIV-jákvæðar og fá þá lyf við því.

Meginmarkmið Sigríðar var að kanna líðan stúlnanna, hvaða áhrif dvöl þeirra í CLF hafði á líf þeirra og hvaða framtíðardrauma þær hefðu. Það kom fram að þeim leið vel og þær tiltóku sérstaklega að þeim þætti maturinn góður. Flestar áttu sér líka mikla drauma um framtíðina eins og að verða lögfræðingar eða stunda annað langtímanám. Hún ræddi við nokkrar stúlkur sem höfðu áður dvalið á CLF, kvörtuðu þær yfir því að það væri erfitt að fá störf við hæfi enda mikið atvinnuleysi í landinu. Mörgum langaði til þess að eignast börn fljótlega og stofna fjölskyldu.

Sigríður naut vel verunnar með stelpunum, allir voru mjög góðir og hjálpsamir við hana og hefði hún getað hugsað sér að dvelja þarna mikið lengur. Henni fannst sérstaklega áberandi hvað allt var hreint og fínt í CLF, fólkið líka.

Það sem hún benti einna helst á að betur mætti fara var þörfin á fleiri fótstignum saumavélum. Einnig þarf að auðvelda þeim að komast á milli staða en flestar sem eru í skóla eru í um 40 mínútna fjarlægð frá heimili sínu með bíl. Sumar stúlnanna voru einstæðar mæður með börn á skólaaldri. Áttu margar hverjar erfitt með að greiða skólagjöld þeirra. Spurning hvort CLF ætti að koma inn í og greiða þau en CLF hjálpar börnum sem eru undir skólaaldri. Skólagjöld fyrir eina önn eru um kr. 1.500,- til kr. 3.000,- á barn eftir skólum. Ein móðirin var t.d. 15 ára gömul með lítið barn á framfæri og 3 systkini þar sem foreldrar þeirra voru báðir látnir. Hún þyrfti svo sannarlega á meiri fjárhagsstuðningi að halda til þess að eiga auðveldar með að greiða götu allra barnanna.

Sigríður ætlar að gefa okkur myndir sem hún á í tölvutæku formi til þess að setja inn á heimasíðuna. Það var einnig rætt um að það væri mikill fengur að fá hana til að halda fræðslu um veru sína í CLF á einum fræðslufundi vetursins og e.t.v. fá ritgerð hennar um veruna á CLF inn á heimasíðuna þegar hún hefur lokið við gerð hennar. Þökk sé Sigríði fyrir frábært framlag hennar til að auka skilning okkar allra hér á Íslandi á líðan og aðstæðum stúlnanna okkar í CLF sem virðist þegar á heildina er litið ganga mjög vel!

Fundur með Barnaheill 19. maí.

Mæja, Gestur og Hildur fóru þann 19. maí á fund með Kristínu hjá Barnaheill. Hún er mjög jákvæð fyrir samstarfi og ætlar hún að hafa samband við tilvarandi samtök í Uganda. Það er einnig möguleiki á því að fulltrúi Barnaheilla heimsæki samtökin í Uganda, gæti slíkt gerst í fyrsta lagi í lok ágústmánaðar. Kristín hættir sjálf hjá Barnaheill um miðjan júní.

Beiðni um styrk – hjálp við tölvumál hjá CLF kemur sér vel að sögn Rosette.

Fyrirverandi bílstjóri í CLF, Michael, bað um styrk til þess að klára tölvunám sem hann var í. Talið var að beiðni hans félli fyrir utan markmið CLF sem er að styrkja og styðja við stúlkurnar í CLF og börn þeirra. Beiðninni var því hafnað.

Verkaskipting stjórnar.

Til þess að klára verkaskiptingu stjórnarinnar var ákveðið að Hildur yrði varaformaður og tengiliður við CLF og Gest, Bjarni Reyр gjaldkeri og Helga ritstjóri heimasíðunnar.

Rukkun árgjalda

Ákveðið var að senda fólki rukkun og sjá hvað kemur út úr því. Mæja ætlar að láta Bjarna Rey fá netfangalistann. Þar sem Gestur er ennþá að fá mikinn póst sendan heim til sín var ákveðið að breyta heimilisfanginu, flytja það frá Gesti og yfir á Bjarna Rey.

Önnur mál og næsti fundur

Tilkynnt að ekki hefði fengist styrkur úr Pokasjóði. Stjórnarmeðlimir voru hvattir til þess að sækja um í aðra sjóði sem þeir fréttu um eða þekktu til.

Ákveðið að hittast aftur þann 15. júní kl. 12 í Samorku.